



Fréttatilkynning, 11. apríl 2007

NovaCast Technologies skráð í Nordic Exchange

Í dag var NovaCast Technologies, lítið félag í iðnaðargeiranum, skráð í Kauphöllina í Stokkhólmi. NovaCast Technologies er sextánda¹ félagið sem er skráð í Nordic Exchange á þessu ári.

NovaCast Technologies AB þróar og markaðssetur vörur og hugbúnað fyrir ferli hjá framleiðendum bílaiðnaðarins og undirverktökum þeirra, einkum málmsteypusmiðjum og tækjaframleiðendum. Félagið var stofnað árið 1981 og er staðsett í Soft Center í Rönneby í Suður-Svíþjóð.

„Það er afar ánægjulegt að bjóða NovaCast velkomni í Nordic Exchange. Með skráningu félagsins aukast möguleikar fjárfesta til að fjárfesta í iðnaðargeiranum umtalsvert,“ segir Jenny Rosberg, forstjóri OMX Company Services.

Myndir munu verða aðgengilegar á slóðinni:

www.omxgroup.com/nordicexchange/marketnews/corporateactions/listings.

Viðskiptalota hlutabréfa NovaCast Technologies, sem hefur auðkennið NCAS B, er 200. NovaCast Technologies flokkast sem lítið félag í iðnaðargeiranum.

Nánari upplýsingar veitir:

Anders Rubensson, OMX Nordic Exchange +46 (0)8 405 63 03

UM OMX | OMX er leiðandi aðili í kauphallarviðskiptum. OMX Nordic Exchange veitir aðgang að u.þ.b. 80% af verðbréfamarkaði Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Nordic Exchange er ekki lögaðili heldur er um að ræða hugtak sem notað er í markaðslegum tilgangi. Hugtakið lýsir sameiginlegri þjónustu kauphallanna í Helsinki, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi, Kauphallar Íslands og kauphallanna í Tallinn, Ríga og Vilnías. Samþætt upplýsingatæknikerfi OMX á öllu ferli viðskipta stuðla að skilvirkum verðbréfavíðskiptum í yfir 60 kauphöllum í rúmlega 50 löndum. OMX er í fjármálageira og er flokkað með stórum félögum í OMX Nordic Exchange (e. Nordic Large Cap). Nánari upplýsingar er að finna á slóðinni www.omxgroup.com.

¹6 félög komu á aðalmarkað Nordic Exchange og 10 félög á First North, hliðarmarkað Nordic Exchange.

The Nordic Exchange

STOCKHOLMSBÖRSÉN AB STOCKHOLM STOCK EXCHANGE. SE-105 78 Stockholm. SWEDEN
Tel. +46 8 405 60 00. Fax +46 405 60 01. Visiting Address: Tullvaktsvägen 15. Reg. No. 556383-9058. www.omxgroup.com

EFFICIENT SECURITIES TRANSACTIONS